



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 18. júní 2021.

Skógræktin
Miðvangi 2-4
700 Egilsstaðir
skogur@skogur.is

Umsögn: Drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur kynnt sér drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031.

Á margan hátt er skýrslan viðamikil og lýsandi um fjölmargt er áhrærir skógræktargeirann og stöðu hans hér á landi. Fjallað er á ítarlegan og á upplýsandi hátt um helstu samninga og samþykktir er varða skógrækt með einhverjum hætti bæði hér á landi og alþjóðlega.

Félagið gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði.

Nr. 1. Sjá 1.2.5. Hver eru lykilviðfangsefnin sem stefnan þarf að taka á ?
s.8. „að auðvelda aðgengi fólks og félagasamtaka í skógræktarstarfinu,“

Einnig síðar í 2.2 Meginmarkmið 5 s. 11

s. 26 Greinargerð með meginmarkmiði 5

Mikilvægt er að þessum þáttum verði sinnt með markvissum hætti. Mikilvægi innviðaruppbyggingar er óumdeild svo sem með góðum vegum og stígum um skóglendi en er á sama tíma ekki fjármögnuð með nokkrum hætti. Hestamenn hafa komið ár sinni þannig fyrir borð að úthlutað er árlega af ríkissjóði til reiðstíga víða um land. Það er áhugavert fordæmi.

Nr. 2. Erlend tengsl s. 46.

Ekki er fjallað um fræðsluferðir Skógræktarfélags Íslands sem hafa verið haldnar árlega í yfir 20 ár en þær hafa opnað, fyrir leikum sem lærðum, augu manna fyrir skógrækt bæði í Evrópu og víðar og þar með víkkað sjóndeildarhring skógargeirans á Íslandi.

Nr. 3. Skógræktarfélag Íslands s. 47

Í umfjölluninni hefði verið eðlilegt að fjalla ítarlega um Yrkjusjóðinn hlutverk og starf, en hann hefur starfað í nær 30 ár. Auk þess Kolvið samstarfsverkefni SÍ og Landverndar en sjóðurinn hefur eflst verulega frá stofnun 2007. Einnig hefði verið eðlilegt að fjalla sérstaklega um skógarreiti aðildarfélaganna SÍ. Vel yfir 200 einstaka skógarreiti skógræktarfélaganna er að finna víða um land (gömlu skógargirðingar félaganna) þar á meðal vinsælustu útivistarsvæði landsins.

Nr. 4. Landgræðsluskógar 3.2.8.3.

s. 55. Litlar upplýsingar liggja fyrir um lifun eða vöxt plantna.

Ekki allskostar rétt því að á upphafsárum Landgræðsluskóga voru gerðar nokkuð ítarlegar rannsóknir á árangri Landgræðsluskóga sjá:

https://www.skog.is/wp-content/uploads/2019/03/SRR_1992_lr.pdf

Þessum rannsóknum var fylgt eftir í nokkur ár. Það er hins vegar rétt að ekki hefur verið unnið markvisst að rannsóknum síðan, nema hvað á vegum verkefnisins „Íslensk skógarúttekt“ á Mógilsá hefur farið fram mat á árangri (lifun, vöxtur, kolefnisbinding) á Landgræðsluskógaverkefninu meðfram öðrum skógræktarverkefnum, án þess að niðurstöður úr Landgræðsluverkefninu hafi verið teknar út fyrir sviga og gerð sérstaklega grein fyrir þeim – sem væri auðvelt að gera.

Nr. 5. 4.3 Meðferð skógræktar í stjórnslu sveitarfélaga s. 65.

Í skýrslunni er fjallað nokkuð ítarlega um framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulagslögum og er þessi yfirferð ágæt. Það hefur hins vegar sýnt sig marg oft að leyfisumsóknir og meðferð og afgreiðsla þeirra hjá sveitarfélögum er oft á tíðum með ólíkindum. Telja verður brýnt að Skógræktin vinni að því að efla upplýsingar og verkþætti gagnvart sveitarfélögum þannig að slíkt ferli virki með „eðlilegum hætti“.

Nr. 6. Sérálit – minnisblað

Þegar sérálitið er lesið virðist það við fyrstu sýn vera ritað af miklum rökum og staðfestu en þegar betur er að gáð kemur í ljós að röksemdir og tilbúningur höfunda er reistur á þunnum ís. Þar eru allskonar fullyrðingar sem virðast vera settar fram til þess að ýta undir misskilning og skapa misklíð.

Draga má athugasemdir minnihlutans í þrjá meginþætti.

a) Framandi ágengar trjátegundir.

Þrátt fyrir að einstaka lönd hafi bannað stafafuru (Noregur) eru önnur lönd, m.a. all margar þjóðir í ESB, sem bæði nota stafafuru og aðrar aðfluttar tegundir. Í nágrenni við okkur er Skotland sem byggir skógrækt sína að verulegu leyti á erlendum tegundum þ.á.m. sitkagreni og stafafuru. Á Írlandi

þekja sitkagreniskógar rúmlega 343 þúsund hektara, eða 51.1% af heildarflatarmáli skóglendis á Írlandi¹ og stærstan hluta af timburskógum Íra. Engum írskum ráðamanni myndi detta í hug að banna þessa tegund á grundvelli þess að hún hafi verið staðin að því að fjölga sér með sjálfsáningu.

Hér á landi er engin ógn af útbreiðslu stafafuru enda allt ferlið mjög fyrirsjáanlegt og þekkt. Útbreiðslan er hægt vegna þess að loftslag er hér miklu svalara og kaldara heldur en víða annarsstaðar. Ekki er hægt að bera það saman við allt önnur skilyrði. Á um 100 árum gæti stafafura hugsanlega breiðst að meðaltali út um nokkra tugi metra og aðallega undan meginvindáttum. Ekkert sem þarf að hafa áhyggjur af, heldur gæti það miklu fremur talist fagnaðarefni. Ef svo einkennilega vildi til að menn vildu hamla útbreiðslu er rétt að benda á að Íslendingar eru heimsmeistarar í eyðingu skóga. Þá er einnig rétt að benda á að miklum fjármunum hefur verið varið í að finna út hvaða tegundir og kvæmi henta hér á landi. Að kasta slíkri þekkingu fyrir róða væri heimskulegt. Einnig er rétt að benda á að sala á stafafuru er ein helsta tekjulind skógræktarféлага hér á landi en milli 20 – 30 félög selja stafafuru jólatré árlega. Með sölu trjáa sem ræktuð eru hér á landi er dregið verulega úr því sótspori sem innflutningur á erlendum jólatrjám sem eru ræktuð í öðrum löndum hefur í för með sér.

b) Skógrækt ógni fuglastofnum

Höfundar byggja ætlaða ógn á líkindum og gefa sér ótrúlega forsendur. Slíkar æfingar eru svo sem ágætis til síns brúks en byggja á mjög vafasömum forsendum. Rétt er að benda á að flestar mófuglategundirnar sem nefndar eru lifa á meginlöndum þar sem vaxa tré. Ekki er vitað til þess að stofnanir eða samtök hafi raunverulegt yfirlit yfir eða vakti árlega mófuglastofna hér á landi svo nokkru nemi eða fylgist nákvæmlega með árlegum stofnbreytingum. Breytingar á þessum sömu stofnun eru einnig háðar umhverfisaðstæðum og breytingum á þeirra vetrarslóðum því þar eru jafnvel stundaðar skotveiðar þannig að jafn einföld mynd og höfundar draga upp dæmir sig sjálf.

Væntanlega er auðvelt að fylgjast með stofnum sem eru ofarlega í fæðukeðjunni eins og arnarstofni og fálka og mikið þúður er lagt í að fylgjast með rjúpnastofninum. Væri ekki nærtækara að höfundar vinni heimvinnuna fyrst til að geta tíundað nákvæmlega hver áhrif skógræktar á fuglastofna hugsanlega verða. Þá er rétt að benda á að mólendi er eitt algengasta gróðurfyrirbæri landsins þannig að þar er af miklu að taka. Það væri t.d. mjög áhugavert að rannsaka fjölgun nýrra fuglategunda sem hafa numið hér land vegna nýskógræktar. Fuglaáhugafólk fagnar auknum fjölbreytileika fuglalífs hér á landi, því staðreyndin er sú að aukinni skógrækt fylgja fleiri fuglar sem teljast nýbúar sem auka fjölbreytni íslenskrar náttúru. Hvort fuglastofn mófugla var minni hér við land við landnám þegar birki þakti um 1/3 skal ósagt látið.

c) Áætlunin brjóti á íslenskum lögum og alþjóðasamningum

¹ <https://www.oireachtas.ie/en/debates/question/2019-02-06/10/>

Fullyrðing höfunda sérálitsins, að fyrirbyggjandi áætlun brjóti á alþjóðlegum samningum og íslenskum lögum, er sett fram á hæpnum forsendum. Að íslensk lög geri ekki ráð fyrir að notaðar séu innfluttar tegundir við endurheimt vistkerfa og að slíkar tegundir hafi einkum neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni er afar villandi. Trjárækt á mjög litlum hluta landsins er ekki ógn við líffræðilega fjölbreytni íslenskrar náttúru heldur mun hún auka fjölbreytni og mynda lífvænlegri vistkerfi en öll vistkerfi eru sífellt að breytast og munu jafnvel breytast enn hraðar með vaxandi áhrifum loftslagsbreytinga. Því miður eru vistkerfi Íslands ekki ósnortin eins og oft er haldið fram heldur afleiðing ófyrirsjáanlegra hamfara sem menn hrundu af stað við landnám. Þær miklu afleiðingar sem búsetan hafði eftir að mannfólk með búsmala sinn settist að hér á landi og tók að ryðja skóga og yrkja landið, beita það og svo framvegis, markaði djúp sár sem eru að mestu ógróin og verða ekki að fullu endurheimt. Ung og fábreytt flóra og fána hafa áreiðanlega haft sitt að segja um þær alvarlegu afleiðingar sem búsetan olli. Hér hafa engar innlendar plöntur þróast enda aðeins 10 þúsund ár frá því ísa leysti og væntanlega hefur þorri flórunnar borist til landsins með einum eða öðrum hætti.

Höfundar sérálitsins vitna oft en ekki máli sínu til stuðnings í alþjóðasamþykktir og samninga.

Rétt er að geta þess að samkvæmt Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands er í 2. gr hennar orðrétt: „Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómvaldið.“ Það er því rétt að taka fram að hér á landi gilda íslensk lög og þau halda gildi sínu þrátt fyrir að við göngumst undir ýmsa alþjóðasamninga.

Í sérálitinu er ýmsum alþjóðasamningum teft fram og síðan gefa höfundar sér að verið sé að brjóta samþykktir. Þessi aðferðarfræði er í sjálfu sér þekkt en er fyrst og fremst notuð til að slá ryki í augu þeirra sem ekki þekkja til stöðu og samhengis íslenskra laga og alþjóðlegra samninga. Það er hins vegar með ólíkindum þegar höfundar fullyrða blákalt að margt í landsáætluninni varði við lögbrot.

Það er því augljóst að sérálitið er uppfyllt af gífurlyrðum og með öllu ómarktækt.

Með góðum kveðjum



Jónatan Garðarsson,
formaður



Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri

